

Til velfm. 12/12 2011

Sent u. 380. máls,
br. a l. um almennatryggingar



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Velferðarráðuneytið
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu

150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 140/783
komudagur 12.12.2011

Reykjavík, 24. nóvember 2011

Efni: Drög að frumvarpi til breytinga á lögum um atvinnuleysistryggingar

Samtök atvinnulífsins hafa fengið til umsagnar drög velferðarráðuneytisins að frumvarpi til laga um breytingu á lögum og atvinnuleysistryggingar og fleiri lögum. Athugasemdir Samtaka atvinnulífsins beinast að III. kafla um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar.

Mikilvægt er að aðhalds sé gætt varðandi greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði og þess gætt að ríkur hvati sé til staðar svo einstaklingar velji frekar atvinnu en atvinnuleysi. Þannig hafa bætur undanfarin ár hækkað of mikið og aðilum vinnumarkaðarins því ekki tekist að auka þann mun sem nauðsynlegt er sé til staðar á bótum annars vegar og launatöxtum hins vegar.

Athugasemdir við einstakar greinar í drögunum:

Samtökin gera ekki athugasemdir við breytingar sem lagðar eru til á 1. mgr. 47. gr. laganna. Samtökin hvetja ráðuneytið til að ganga ekki lengra að augljóslega er nauðsynlegt til að bregðast við athugasemdum ESA hvað þetta mál varðar.

Í 5. gr. draganna er lögð til grundvallarbreyting á atvinnuleysistryggingum, þ.e. að greiða megi styrki úr Atvinnuleysistryggingasjóði vegna einstaklinga sem ekki teljast lengur tryggðir skv. lögnum. SA setja fyrirvara við þennan þátt og telja að ekki sé tímabært breyta ákvæði 62. gr. á þennan veg. Vegna sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði útiloka SA þó ekki að tímabundið bráðabirgðaákvæði komi inn í lögin sem veiti slíka heimild. Hafa verður í huga að tillaga að breytingu á bráðabirgðaákvæði X í lögnum gerir ráð fyrir að greiða megi atvinnuleysisbætur í allt að 48 mánuði. Hefji hinn tryggði þátttöku í vinnumarkaðsúrræði í lok þess tímabils kunna greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði að spanna allt að fimm ára tímabil. Óeðlilegt er að sjóðurinn tryggi atvinnuleysisbætur svo langan tíma. Einnig þarf að vera ljóst að þátttaka í slíkum vinnumarkaðsúrræðum komi ekki í stað 6 mánaða starfstímabils skv. 30. gr. laganna eða 24 mánaða starfstímabils skv. 31. gr. laganna. Rétt er að taka það sérstaklega fram í viðkomandi greinum eða taka fram í bráðabirgðaákvæði verði sú leið farin.



SA hafa bent á að þriggja ára bótatímabil sé með því lengsta sem þekkist og almennt óeðlilegt að Atvinnuleysistryggingasjóður greiði bætur lengur en í þrjú ár. Þótt sérstakar aðstæður séu nú á vinnumarkaði þá sé mikilvægt að lækka tryggingagjald og auka þannig svigrúm fyrirtækja til að ráða fólk til vinnu. Sérstakar aðgerðir vegna tímabundins ástands á vinnumarkaðnum mega ekki leiða til þess að tafir verði á verulegri lækkun atvinnutryggingagjaldsins. Gangi tillaga um tímabundna lengingu bótatímabils eftir þá er nauðsynlegt að grípa til sérstakra aðgerða til að auka virkni þeirra einstaklinga sem lengst hafa verið á bótum. SA telja að þriggja mánaða biðtími hjálpi í þeim efnum en skoða þurfi fleiri aðgerðir, s.s. að greiða hlutfall bóta, t.d. 75%, í stað fullra bóta.

Til að ná fram markmiðum um lægri útgjöld í atvinnuleysistryggingum og vega upp á móti kostnaði sem leiðir af tillögum um aukna styrki úr Atvinnuleysistryggingasjóði og lengingu bótatímabilsins leggja SA til að bætur verði lækkaðar til einstaklinga sem ekki bera húsnæðiskostnað. Stór hluti útgjalda einstaklinga er vegna húsnæðis og því í raun óskiljanlegt að einstaklingur í foreldrahúsum eigi rétt á sömu bótafjárhæð og sá sem leigir húsnæði eða á eigið húsnæði. SA leggja til að höfð verði hliðsjón af úthlutunarreglum LÍN og tekið verði upp svohljóðandi ákvæði í lögum:

Búi hinn tryggði hvorki í leiguhúsnæði né í eigin húsnæði skulu atvinnuleysisbætur hans skerðast um 50%. Hinn tryggði skal leggja fram staðfestingu á eðlilegum leigugreiðslum.

Heimilt er að greiða hinum tryggða allt að óskertum atvinnuleysisbótum búi hann hjá foreldrum sem hafa hvort um sig lægri tekjur en sem nemur grunnatvinnuleysisbótum. Ráðherra setur reglur um framkvæmd þessa ákvæðis að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Virðingarfyllst,

Ragnar Arnason,
forstöðumaður vinnumarkaðssviðs SA